

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905, um 199 ákvörðun verzlunarlóða, sbr. lög nr. 37/1960, og birtist til eftirbreytni öllum, sem 23. nóv. hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 23. nóvember 1960.

Ingólfur Jónsson.

Porv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

200

varðandi gin- og klaufaveiki.

30. nóv.

Vegna þess að gin- og klaufaveikifaraldur gengur nú á Bretlandseyjum, vill landbúnaðarráðuneytið vekja athygli yfirvalda og almennings á því, að stranglega ber að fylgja reglum laga nr. 11/1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

Tekið skal fram, að samkvæmt téðum lögum og auglýsingu þessari er:

Bannaður með öllu innflutningur á heyi, hálmi, alidýraáburði, sláturafurðum hvers konar, húðum, mjólk og mjólkurafurðum sem og eggjum.

Stórgripahúðir, sem nota þarf við togveiðar hér við land, má þó flytja inn, enda séu þær sótthreinsaðar erlendis og einnig þegar þær koma hingað til lands.

Frá Bretlandseyjum er enn fremur bannaður innflutningur á lifandi jurtum, trjám, trjágreinum og könglum, grænmeti og hvers konar garðávöxtum.

Farþegar og áhafnir farartækja skulu gefa yfirlýsingu samkvæmt 4. gr. laganna um dvöl sína erlendis, strax og þau koma til Íslands.

Með auglýsingu þessari er felld úr gildi auglýsing, dags. 24. júlí 1953 (Lögbirtingablað nr. 57 1. ágúst 1953).

Brot á lögum nr. 11/1928 og auglýsingum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1960.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

GJALDSKRÁ

201

um vatnsskatt í Suðureyrarkauptúni, Súgandafirði.

25. nóv.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir.

1. gr.

Lágmarksgjald skal vera 200 — tvö hundruð — krónur á ári af hverju húsi, sem vatn er leitt í.

2. gr.

Af hverju íbúðarhúsi skal greiða árlega í vatnsskatt 50 krónur af hverju heilu þúsundi eða broti úr þúsundi fasteignamats upp að 8 þúsund krónur, en 20 krónur af hverju þúsundi þar fram yfir, upp í 18 þúsund krónur. Af hverju þúsundi fasteignamats fram yfir 18 þúsund, skal greiða 10 krónur.

201

25. nóv.

3. gr.

Sé um fjölbýlishús að ræða, skal greiða aukalega 200 krónur fyrir hverja íbúð umfram eina. Reiknast vatnsskattur þá í einu lagi fyrir allt húsið, en deilist síðan í jafnmarga staði og íbúðareigendur eru í húsinu.

4. gr.

Fiskvinnslustöðvar skulu greiða vatnsskatt, sem hér segir: Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski, greiðist 15 aurar. Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskflökum, greiðist 60 aurar og 110 aurar af hverri tunnu frystrar síldar. Af hverri tunnu saltsíldar greiðist 45 aurar. Lágmarksgreiðsla fiskvinnslustöðva skal þó aldrei vera minni en um getur í 5. gr. þessarar reglugerðar.

Fyrir vatn til skipa greiðast 8 krónur fyrir hverja smálest. Þó er lágmarksgjald hverju sinni 40 krónur fyrir fiskiskip og 100 krónur fyrir önnur.

Ákvæði þessarar greinar koma þó ekki til framkvæmda fyrr en séð hefur verið fyrir nægjanlegu vatnsmagni, og aðstaða til afhendingar vatns til skipa og báta er fyrir hendi.

5. gr.

Þar til unnt verður að fullnægja vatnsþörf fiskvinnslustöðva og meðan það ástand ríkir, sem nú er, skulu þær greiða í vatnsskatt 0.5% af fasteignamati húseigna sinna. Skal reikna vatnsskatt samkomuhúsa og skóla á sama hátt.

6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða: Vatn í steypu: af hverri notaðri sements-tunnu 1 krónu. Fyrir hverja sauðkind, sem slátrað er í sláturhúsi 1 krónu og hvern stórgrip 10 krónur. Fyrir öll önnur vatnsnot, sem ekki eru talin í þessari gjaldskrá, skal greiða eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

7. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fyrirtækjum sé selt vatn um mæli og kostar þá hver smálest 1 krónu. Skulu þá fyrirtækin sjálf útvega sér mæli og sjá um uppsetningu þeirra og viðhald.

8. gr.

Gjaldskrá þessari getur hreppsnefnd Suðureyrarhrepps breytt til hækkunar eða lækkunar um 50%, án staðfestingar ráðuneytisins, ef henni þykir ástæða til.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. janúar 1961 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um vatnsskatt í Suðureyrarkauptúni í Súgandafirði nr. 119 26. okt. 1937.

Félagsmálaráðuneytið, 25. nóvember 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.